

Sp. 123. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um hækkun íbúðarhúsálána hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins og um lækkun vaxta.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Ágúst Þorvaldsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Stofnlánadeild landbúnaðarins færi hámark íbúðarhúsálána úr 150 þús. kr. upp í a. m. k. 280 þús. kr. og veiti slík lán með 3½% vöxtum. Hækkun þessi nái til þeirra lána, sem veitt eru út á fullgerð íbúðarhús 1964.

Greinargerð.

Byggingarkostnaður hefur hækkað stórkostlega á undanförunum árum. Meðal-íbúðarhús í sveit mun varla kosta minna en 700 þús. kr. Hámark lána, er Stofnlánadeild landbúnaðarins veitir út á íbúðarhús í sveitum, er nú 150 þús. kr. Flm. þessarar tillögu telja, að lán þessi þurfi að hækka í a. m. k. 280 þús. kr. og að það verði framkvæmt þegar á þessu ári.

Fram til 1960 voru vextir af íbúðarhúsálánnum í sveitum 3½%, en eru nú 6%. Telja flm. rétt, að þessir vextir verði nú aftur lækkaðir niður í 3½%, enda hefur nú þegar verið samið um, að vextir af almennum íbúðalánnum verði lækkaðir.